

Landsfundur Landssambands eldri borgara, haldinn í Ásgarði, Stangarhyl 4, Reykjavík, 10.-11. apríl 2019.

Fundargerð landsfundar 10. apríl 2019.

1. Setning landsfundar.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður setti fundinn og bauð fulltrúa landsfundarins og gesti velkomna.

Ellert B. Schram formaður FEB í Reykjavík bauð gesti velkomna í hús félagsins.

a) Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, flutti ávarp. Hún fjallaði um það sem er verið að gera á alþingi og snertir eldra fólk. Hún kynnti að nýr starfshópur á vegum Félagsmálaráðuneytis og Forsætisráðuneytis yrði settur af stað á næstu dögum um kjör þeirra verst settu auk nokkurra verkefna tengd velferð, félagslegri þátttöku og húsnæðismálum. Hún ræddi um all marga fleira sem væri í pípunum sem snertir eldra fólk.

Formaður þakkaði Katrínu fyrir erindið.

b) Heiða Björk Hilmisdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar, flutti ávarp. Hún lýsti vinnu borgarinnar við “Aldursvænar borgir” og stefnu í öldrunarmálum og kynnti bæklinga um velferð og stefnu borgarinnar í málefnum eldri borgara. Sett verður á stofn starfsstöð fyrir starfsmann sem er sérhæfður í að svara eldra fólk í síma.

Næring og hreyfing er í algjörum forgangi. Endurhæfing í heimahúsi er nýtt verkefni en þar er hægt að endurhæfa fólk til daglegs lífs. 17 félagsmiðstöðvar eldri borgara eru í Reykjavík.

Formaður þakkaði Heiðu Björk fyrir erindið.

2. Kosning embættismanna fundarins.

a) Magnús Norðdahl FEB Reykjavík og Dagbjört Höskuldsdóttir FEB Stykkishólmi voru kjörin fundarstjórnar.

b) Hallgrímur Gíslason EBAK Akureyri og Sesselja Eiríksdóttir FEB Reykjavík voru kjörin fundarritarar.

3. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti árskýrslu stjórnar LEB.

Fjölbreytt ár að baki.

Fjölgun varð á stjórnarfundum en þeir voru áður 4-5 á ári en hefur nú verið fjölgað í a.m.k. 10 á ári og finnst stjórn ekki veita af. Stjórn LEB er skipuð frábæru fólk sem hefur verið einhuga í að vinna að baráttumálum eldra fólks. Rétt er að nefna að í slíkum samtökum kemur fólk víða að og því verður ferðakostnaður í ársreikningi verulegur. En það er dýrmætt að geta hist og borið saman bækur sínar svona oft annars hljóma raddir allra ekki.

Að mjög mörgum málefnum var unnið sl. ár. Hæst ber að starfshópur var tilnefndur af félagsmálaráðherra til að skoða málefni og stöðu þeirra verst settu meðal eldri borgara. Nefndin hóf störf í maí sem var svolítið seint ef árangur átti að nást.

Margir fundir fóru í að fá sérfræðinga á fundi til að greina stöðuna. Mikilvægar upplýsingar liggja nú fyrir. Þegar þar var komið var tíminn naumur og ekki virtist vera mikill vilji í

Velferðarráðuneytinu til að koma stærri málum áfram. Varðandi skattamál var ljóst að þessi hópur fengi ekkert útspil vegna komandi kjarasamninga þar sem stjórnvöld meta það svo að betra sé að kynna nýjungar þar, en meðal eldra fólksins. Ljóst var þó að þar kæmu tillögur okkar fólki til góða. Leigjendur er hópur í vanda en þeir eru aðeins um 2.700 manns og þarf þar að skoða stöðuna vegna hækkana á leigu og þá að styrkja þá verst settu með sértækum húsaleigubótum. Svo var farið ítarlega yfir skiptingu hóps eldra fólks og ef skoðað er eftir 10% í hverju hólfi og 10 hólfi í rammanum þá eru 2-3 neðstu tíundirnar í verulega slæmum málum. Það er loforð félagsmálaráðherra að haldið verði áfram með þessi verkefni á þessu ári og það er mikilvægt þar sem heilmikil vinna hefur verið unnin, og fyrir liggja mjög mikilvægar upplýsingar sem byggja má á, við að bæta kjör þeirra verst settu meðal aldraðra.

Vert er að tala um okkar nýju ráðherra. Þar er eins og konur taki öll völd sem er gott. Heilbrigðisráðherra hefur rutt málum áfram og mun gera. Lilja er eins og ljón í menntamálaráðuneytinu og mun vinna líka með okkur að nýju verkefni. Svo kemur nýr ráðherra iðnaðarmála Þórdís Kolbrún Gylfadóttir sem er svo öflug og fylgin sér. Heilbrigðisráðherra hefur hrundið af stað fjölmörgum verkefnum okkur til hagsbóta. Takk Svandís. Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, vill okkur vel. Hindranir miðað við fyrri tíma eru þær að nú er gerð 5 ára fjármálaáætlun og mjög erfitt að komast þar inn.

Næstu mál:

Kjarasamningar og áhrif þeirra.

En hvað nú með nýja kjarasamninga í baklandinu? Þar eigum við enga aðild þó rætt hafi verið við Drífu Snædal og marga fleiri. Þau vilja okkur vel en vandinn er sá að við erum ekki eins og í t.d. Danmörku en þar vinnur LO (ASÍ) með sínum eftirlaunaþegum og er það samstarf verulega náð. Slíku er ekki að heilsa hér.

Þegar ég var í forystu verkalýðshreyfingar, þá var aldrei gengið frá samningum um laun á vinnumarkaði öðru vísi en að fjallað væri jafnframt um kjör aldraðra í landinu. Á þessu hefur því miður orðið breyting í verkalýðshreyfingunni og því ætlum við að breyta aftur.

Við þurfum því að bretta upp ermar og skoða stöðuna miðað við kjarasamningana og setja fram kröfur. Okkar verstí óvinur er orðalag 69. gr. laga um almannatryggingar sem býður upp á 2 leiðir. Annarsvegar að fá greitt miðað við launaþróun eða verðlagsþróun. Oftast velja menn rétt fyrir jól að velja verri niðurstöðuna fyrir okkur eldri borgara í útborgun 1. hvers árs í tryggingakerfinu.

Eldri borgarar spegla samfélagið og því eru þeir sem höfðu góð laun betur settir en láglaunahóparnir þegar aldur færir yfir.

Verður því breytt? Hvað segið þið???? Öllu má breyta og í lífskjarasamningnum svonefnda eru skattalækkarnir sem koma eldra láglaunafólki til góða eins og öðrum láglaunahópum. En gleymum því ekki að enn er ósamið við næstum helming vinnumarkaðarins. Venjan er sú að þá hefst kapphlaup og allir bæta í.

Kjaramálin virðast eilíf og endalaust deiluefni.

Hvað erum við að gera annað? Haustið 2017 fórum við Sigurður Jónsson á fund velferðarráðuneytisins og töldum það lítið mál að fá áfram styrki í rekstur og fleira. Það var nú öðru nær. Uppstokkun og engir styrkir veittir. Eingöngu veittir styrkir í sérstök verkefni sem sækja þarf um. Við Sigurður varaformaður fórum af fundi eftir strögl um að halda óbreyttu en án

árangurs. Við þurfum að finna leiðir til að fá rekstrarstyrki félagsmálaráðuneytisins eins og viðgekkst árum saman. Annað er ekki boðlegt.

Þá var næsta verkefni að sækja um á netinu um verkefni sem nýtast eldra fólki. Tíminn var stuttur; setið var við tölvuna í 3 daga og búnar til umsóknir í gríð og erg. Þremur mánuðum síðar lá fyrir að LEB fengi styrki til verkefnis upp á rúmar 11 milljónir en skylda á uppgjöri og endurgreiðslu ef verkefni fer ekki í gang. Þá hófst nýtt ævintýri við að koma þessum verkefnum í farveg. Flest gekk vel en eitt lagði upp laupana vegna tímaleysis í Samgöngustofu. Öðrum verkefnum er ýmist lokið eða eiga stuttan tíma eftir. Þá þarf að skila skilaskýrslu og gera upp. LEB fær smá umsýsluþóknun en ekkert upp í neinn rekstur. Það má segja að ráðuneytið sé að breyta áherslum og vinnulagi LEB með þessari aðferð í stað þess að greiða rekstrarstyrki.

Hinsvegar má segja að þessi verkefni hefðu aldrei verið unnin ef ráðuneytið hefði átt að vinna þau.

Eitt af okkar verkefnum er að veita umsagnir um tillögur sem koma fram á Alþingi og hefur Sigurður Jónsson varaformaður okkar, tekið það að sér fyrir hönd stjórnarinnar sl. 2 ár. Einhverjir tugir umsagna hafa farið til Alþingis. Síðan kemur oft að því ef mál ná lengra að fólk sé kallað fyrir nefndirnar til að ræða málin. Það eru þó nokkur skipti á hverju ári. Oftast mæta tveir frá LEB og það skiptir máli að okkar rödd heyrir á þeim vettvangi.

Fréttapóstur var tekinn upp sl. sumar og virðist ganga vel og margir nota hann til að ræða í sínum félögum. Það skiptir máli að allir félagar í LEB geti fylgst með því sem er að gerast.

NOPO eru norræn samtök fyrir eldra fólk á Norðurlöndunum. Þar á LEB sæti og getur mætt með 2 fulltrúa á fundi sem eru haldnir 2x á ári. Þarna eru reifuð öll álitamál eldri borgara og líka sigrarnir. Gífurlegur fjársjóður liggur í þessu norræna samstarfi því það hjálpar okkur að innleiða nýjungar þar sem Norðurlöndin eru gjarnan frá 5-10 árum á undan okkur í fjölmörgum málum s.s. tölvuvæðingu eldra fólks og velferðartækni sem verður kynnt á morgun. Við höfum svo sannarlega gagn af þessu samstarfi og finnum að við getum líka lagt okkar af mörkum.

Um rekstur skrifstofu LEB er það að segja að þetta var allt í rúst árið 2017 þegar ný forysta tók við öllu sem áður hafði verið útvistað. Meira að segja símanum. Við tók að laga þetta allt, hægt og sígandi, og breyta um aðferð. Auka líka viðtöl við eldra fólk í vanda. Það er að verða eitt af okkar stóru verkefnum. Eitt til tvö slík samtöl eða viðtöl á viku. Símtölum hefur fjölgað um helming eða meira; tölvupóstum sömuleiðis og like á Facebook fjölgar sífellt.

Stjórn LEB tekur þátt í samstarfi við fjölmörg félagasamtök og stofnanir. Formaður er beðinn um að flytja ávarp við ýmis tækifæri og segja frá því sem LEB er að gera og hvað LEB vill gera. Þetta samstarf er dýrmætt m.a. vegna þess að þarna gefst okkur kostur á að koma okkar sjónarmiðum og óskum á framfæri. Við erum mikils metin í þessum málum þar sem berlega kemur í ljós mikil þekking og virðing fyrir hópi eldra fólks

Ræðum aðeins um stjórn LEB verkefni hennar og árangur :

Stjórnin var sammála um að leggja höfuðáherslu á kjörin og stofna nýja kjaranefnd. Það tókst. Vinna að bættum samskiptum við ýmsa aðila. Það tókst.

Auka viðveru og símaþjónustu við félögin. Það tókst.

Fjölga verkefnum sem skipta máli. Það tókst.

Og stóra málið að auka virðingu og þekkingu á LEB. Það tókst.

Að komast mun oftar í fjölmiðla. Það tókst.

Auglýsingar til að styrkja stöðu eldra fólks. Það tókst.

Ný heimasíða. Það tókst.

Svona er hægt að halda lengi áfram. Og það að finna bestu manneskju til að aðstoða okkur.

Það tókst einnig.

Kæra Guðrún Ágústsdóttir. Komdu hér upp til mín og við handsölum okkar óendanlegan vilja til að bæta og rétta stöðu eldra fólks.

Við ykkur segi ég: Ég er tilbúin að taka 2 ár í viðbót og efla enn frekar okkar starf fyrir eldra fólk. Þetta er mitt hjartans mál og mun ég berjast eins og ljón fyrir virðingu, sanngirni, mannréttindum og kjörum okkar.

Verkefni eldri borgara eru mjög mörg og ólík enda spannar aldursbilið liðlega 30 ár.

Samstaðan er allt og hefur alltaf verið.

4. Ársreikningar fyrir árin 2017 og 2018 lagðir fram.

Sigríður Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti reikningana. Þeir eru áritaðir bæði árin af löggiltum endurskoðanda, skoðunarmönnum reikninga og af stjórn.

Helstu niðurstöður ársins 2017: Rekstrartekjur kr. 21.754.600, rekstrargjöld kr. 19.514.914. Hagnaður án fjármagnsliða kr. 2.239.686. Fjármagnsliðir 356.539 og rekstrarhagnaður kr. 2.596.225. Skuldir og eigið fé kr. 27.509.930.

Helstu niðurstöður ársins 2018: Rekstrartekjur kr. 15.576.200, rekstrargjöld kr. 15.356.211. Hagnaður án fjármagnsliða kr. 219.989. Fjármagnsliðir 308.734 og rekstrarhagnaður kr. 528.723. Skuldir og eigið fé kr. 37.899.597. Aukning skulda er einkum tilkomin vegna fyrirframgreiddra styrkja frá Velferðarráðuneytinu.

Gjaldkeri kynnti einnig reikninga Styrktarsjóðs aldraðra. Rekstrartekjur eru engar, rekstrar-gjöld 2018 kr. 600.000. Rekstrarhagnaður 2017 var kr. 20.543, en rekstrartap 2018 kr. 574.283. Samtölur efnahagsreiknings 2017 kr. 1.875.032, en 2018 kr. 1.700.749.

5. Umræður um skýrslu stjórnar.

Jens Kristmannsson óskaði eftir skýringum á hvers vegna 25 milljónir væru geymdar á tékkareikningi, en aðeins 10 milljónir á vaxtareikningi.

Hrafn Magnússon sagði LEB vera í leiguhúsnæði hjá UMFÍ og ÖBÍ, sem væru í Lottó pottinum, en ekki LEB. Skoraði hann á stjórn LEB að reyna að komast í pottinn.

Guðrún Aradóttir, Hvolsvelli, þakkaði stjórn fyrir störf sín. Hún benti á að fundargerðir landsfunda væru ekki inni á leb.is. Sagðist ekki vera sammála auglýsingum um gráa hausa – Treystum við þeim -. Þá fór hún yfir áskorun frá FEB Rang. varðandi breytingar á skerðingu lífeyristekna og ósk um að ráðinn verði framkvæmdastjóri LEB í fullt starf.

Gjaldkeri svaraði Jens og sagði málið vera góða ábendingu til næstu stjórnar.

Formaður sagði að gamlir LEB félagar hefðu talið að lottóið myndi ekki lifa af og hefðu því ekki óskað eftir að vera með í því. Hún taldi að fundargerðir LEB væru inni á leb.is.

Fundarstjóri benti á að ekki væru til sérstök lög um málefni aldraðra.

6. Afgreiðsla ársreikninga.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

7. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun og tillaga um árgjald 2020.

Gjaldkeri skýrði fjárhagsáætlun í stuttu máli, en vonaðist jafnframt eftir fleiri hollvinum. Áætlun 2019 gerir ráð fyrir tekjum upp á 17,2 milljónir en gjöldum upp á 19,4 milljónir. Tap af beinum rekstri yrði því um 2 milljónir.

Áætlun 2020 gerir ráð fyrir tekjum upp á 19,1 milljón en gjöldum upp á 20,3 milljónir. Tap af beinum rekstri yrði því um 1,2 milljón.

Gjaldkeri rökstuddi þörf fyrir hækkun árgjalds fyrir árið 2020. Tillaga stjórnar er að það verði kr. 700 á hvern félag.

Bergur Torfason lagði fram svohljóðandi breytingartillögu:

Landsfundur Landssambands eldri borgara haldinn í Reykjavík 10.-11. apríl 2019 samþykkir að árgjald 2020 verði kr. 1.000.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögurnar.

Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri FEB Reykjavík, benti á að allar tillögur þyrfti að leggja fyrir fund með fyrirvara. Hann sagði að árgjaldið hefði lengi verið til umræðu hjá FEB Reykjavík og taldi ekki ástæðu til hækkunar enda myndi hún hafa mikil áhrif á rekstur félagsins.

Pétur Maack gagnrýndi hækkunina.

Magnús B. Jónsson benti á að árgjaldið sé alltaf það sama fyrir öll félög hvar sem er á landinu.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir benti á að árgjaldið hefði verið kr. 600 í nokkur ár.

Rekstrarkostnaður hefði hækkað og árgjaldið væri farið að hindra framfarir hjá LEB.

Þorbjörn Guðmundsson sagði að ekki væri hægt að leggja fram nýja 1.000 krónu tillögu á fundinum.

Gísli Jafetsson sagðist hafa átt við 1.000 krónu tillöguna. Það væri of hátt gjald.

8. Afgreiðsla tillögu um árgjald.

Magnús fundarstjóri úrskurðaði að taka þyrfti breytingartillöguna fyrir. Hún var felld með yfirgnæfandi meirihluta gegn 3 atkvæðum.

Aðaltillagan um hækkun upp í 700 krónur var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta gegn 8 atkvæðum. Árgjald til LEB fyrir árið 2020 verður því kr. 700.

9. Kynntar ályktanir fundarins.

Sigurður Jónsson varaformaður kynnti þær ályktanir sem fundinum höfðu borist. Tveir hópar munu taka þær fyrir. Haukur Halldórsson mun leiða kjarahóp, en þær Guðrún Ágústsdóttir og Guðrún Árnadóttir velferðarhóp.

Athugasemd kom frá Halldóri Gunnarssyni um fundarstjórn. Kjósa þarf kjörnefnd vegna þess að kjósa þarf í stjórn LEB.

10. Grái herinn – Stutt kynning.

Finnur Birgisson og Ingibjörg Sverrisdóttir komu upp og kynnti Finnur aðgerðarhóp „sem vinnur að því að undirbúa málsókn gegn íslenska ríkinu vegna óréttláttra og yfirgengilegra tekjutenginga í lífeyriskerfi almannatrygginga“. Loforð um styrk hafa borist frá nokkrum

stéttarfélögum. Verið er að stofna *Málsóknarsjóð gráa hersins* og er vinna við að semja skipulagsskrá hans langt komin. Félag eldri borgara í Reykjavík er fyrsti stofnaðilinn. Leitað verður til annarra félaga eldri borgara á næstunni um stofnaðild.

Kaffihlé.

Að því loknu tóku málefnanefndir til starfa.

11. Afgreiðsla ályktana.

a) Ályktun heilbrigðis- og velferðarnefndar

Guðrún Ágústsdóttir kynnti svohljóðandi ályktun:

Ályktun um heilbrigðis- og velferðarmál samþykkt á landsfundi LEB 10.-11. apríl 2019

Landssamband eldri borgara fagnar því framtaki sem heilbrigðisráðherra hefur sýnt í málefnum eldri borgara.

Framundan er loks veruleg uppbygging hjúkrunarrýma sem lengi hafði verið beðið eftir. Á þessu og næsta ári bætast við 200 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða, en alls er gert ráð fyrir opnun nærri 800 nýrra rýma til loka ársins 2023.

Tannlæknakostnaður eldra fólks var óbreyttur frá 2004. Nú hefur verið ákveðið að auka niðurgreiðslur tannlæknakostnaðar eldra fólks þannig að aldraðir greiða 50% af kostnaðinum í stað 73% áður.

Komugjöld hafa verið felld niður fyrir aldraða á heilsugæslustöðvum.

Margt fleira mætti nefna.

En rétt er að árétta að enn má bæta í og laga þrátt fyrir góðan byr. Þar er um að ræða verkefni sem snúa ekki aðeins að ríkinu heldur líka að sveitarfélögunum og ekki síður þeim sem bera ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimilanna.

Aðalfundur LEB leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

Dagþjálfunarrýmum þarf að fjölga til að styðja eldra fólk til að viðhalda heilsu og lífsgæðum, draga úr álagi aðstandenda og seinka flutningi á hjúkrunarheimili.

Mikilvægt er að efla þjónustu við aldraða heima m.a. með aðkomu þverfaglegra teyma sem gætu líka sinnt einfaldri sjúkráhusþjónustu í heimahúsi (Hospital Homecare). Endurhæfing heima er á góðri leið með að festast í sessi sem verkefni í Reykjavík og væri gott að innleiða víðar.

Nýlegar rannsóknir sýna að næringarástand aldraðra er bágbornara en fagfólk og heilbrigðisyfirvöld gerðu sér grein fyrir. Eitt af alvarlegri vandamálum aldraðra er þyngdar- og vöðvarýrnun (sarcopenia). Áður var vöðvarýrnun álitin náttúrulegur fylgifiskur öldrunar. Nú vitum við að hægt er að verjast þessu með bættri næringu og hreyfingu. Mikilvægt er að heilbrigðisyfirvöld og þeir sem sinna öldruðum vinni sameiginlega að því að bæta þetta ástand.

Mikilvægt er að unnið verði skipulega að heilsueflingu aldraðra í náinni samvinnu við sérfræðinga á því sviði.

Velferðartækni þarf að innleiða en þar erum við mörgum árum á eftir hinum Norðurlöndunum.

Skoða þarf sérstaklega stöðu þeirra sem búa við einangrun og einmanaleika og leita leiða til að rjúfa einangrun þessa fólks en það hefur verið gert víða erlendis.

Minnt skal á að fátækt meðal verst setta hópsins veldur oft veikindum og einangrun.

Mikilvægt er að þjónusta verði aðgengilegri og meira í takti við þarfir einstaklinga á hverjum tíma. Það er alkunna að með því að samtvinna þjónustu þeirra sem sinna öldruðum, næst betri yfirsýn yfir veitta þjónustu og minni hætta á að einstaklingar verði af nauðsynlegri þjónustu.

Landssambandið telur mikilvægt að fylgja eftir og framkvæma þá heildarstefnumótun í málefnum fólks með heilabilun sem gert er ráð fyrir að ljúka í sumar.

Öflugri heilsugæsla getur fylgst betur og skipulegar með líðan eldra fólks en verið hefur.

Mikilvægt er að fyrir liggi skýrar upplýsingar í einni upplýsingagátt um þá þjónustu sem í boði er fyrir eldra fólk.

Framkvæmdasjóður verði nýttur skv. upphaflegum lögum um sjóðinn, þ.e. til uppbyggingar heimila fyrir aldraða.

Endurskoða þarf þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í ferðakostnaði sjúkratryggða og aðstandenda þeirra innanlands, svo fólki í landinu sé ekki mismunað við að leita sér lækniþjónustu. Vakin er athygli á því vandamáli að víða er skortur á heilsugæslulæknum úti á landi og miklu skiptir að treysta aðgengi aldraðra sem annarra að sérfræðiþjónustu á landsbyggð.

Gagnagrunnur þarf að vera öruggur þannig að fyrir liggi samræmdar upplýsingar um heilsufar einstaklinga á heilbrigðisstofnunum, þar sem ávallt skal fara eftir lögum um persónuvernd.

Hækka þarf verulega styrki við kaup á heyrnartækjum og bæta við gleraugnastyrkjum.

Fjölga þarf starfsfólki í umönnun og hjúkrun aldraðra og auka og efla þjálfun og stuðla að faglegum metnaði þeirra sem annast um þá sem eru mjög veikir. Að umönnun aldraða koma stöðugt fleiri hópar. Þar skipta allir máli, sjúkraliðar, félagsliðar, iðjuþjálfar, sálfræðingar, sjúkrapjálfarar, næringarfræðingar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, læknar og ótal margir aðrir aðilar og mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman.

Mikilvægt er að innleiða mannúðlega stefnu á hjúkrunarheimilum til að bæta líðan og lífsgæði fólks sem þar dvelur – þannig að lífið sé þess virði að lifa því allt til enda.

Ofangreind áætlun var samþykkt samhljóða.

b) Ályktun kjaranefndar

Erna Indriðadóttir kynnti eftirfarandi ályktun:

Ályktun um kjaramál á landsfundi LEB

Aðalfundur Landssambands eldri borgara haldinn í Reykjavík 10 og 11 apríl 2019 ályktar eftirfarandi:

Fundurinn krefst þess að staðið verði við það fyrirheit að allir eldri borgarar nái að minnsta kosti lágmarkslaunum og greiðslur Tryggingarstofnunar ríkisins breytist á sama tíma og taxa-breytingar verða á launamarkaði.

Þá telur fundurinn núverandi regluverk um fjármagnstekjur óviðunandi, því samkvæmt lögum er einnig greiddur skattur af verðbólgunni. Eðlilegt er að skattleggja aðeins raunvextina. Vaxtatekjur eldri borgara hafa líka í för með sér skerðingu á lífeyri almannatrygginga. Þessi

tvísköttun fjármagnstekna er sérstaklega óréttlát. Hún kemur í veg fyrir að eldri borgarar geti varveitt sparnað sinn í bönkum með jákvæðum raunvöxtum. Hækka þarf frítekjumark fjármagnstekna hjá Tryggingastofnun ríkisins og/eða taka upp sérstakan persónuafslátt gagnvart fjármagnstekjum eldri borgara.

Fundurinn telur það algjört réttlætismál að almennt frítekjumark verði hækkað verulega og jafnframt því verði gerð áætlun um lækkun og afnám prósentuskerðingar Tryggingastofnunnar vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Einnig leggur fundurinn áherslu á að tryggður verði jöfnuður milli lífeyrisþega gagnvart Almannatryggingum, vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum sem tilkominn er vegna skylduiðgjalds, hvort sem lífeyrir kemur úr samtryggingu eða séreign.

Fundurinn telur að afnema beri skerðingu vegna atvinnutekna við útreikninga hjá Tryggingastofnun ríkisins, og að reglur um sveigjanleg starfslok verði endurskoðaðar nú þegar. Samþykkt samhljóða.

Áskorun frá FEB Rang., ályktun frá FEB Húsavík og öðrum tillögum um kjaramál aldraðra var vísað samhljóða til stjórnar.

Erna kynnti síðan LEB blaðið, sem komið er í dreifingu í Reykjavík. Formenn félaganna geta tekið með sér eintök fyrir sín félög á milli kl. 9 og 10 og jafnvel síðar á morgun.

12. Stjórnarkjör

a) Kosning formanns til tveggja ára.

Uppstillinganefnd tilnefndi Þórunni Sveinbjörnsdóttur, FEB Reykjavík, í embætti formanns. Halldór Gunnarsson FEB Rangárvallasýslu bauð sig einnig fram. Hann kynnti framboð sitt.

Pétur Maack og Grétar Snær Hjartarson voru tilnefndir teljarar, ásamt umboðsmönnum frambjóðenda.

Þórunn var réttkjörin formaður með 67 atkvæðum, Halldór fékk 32 atkvæði. 6 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

b) Kosning tveggja aðalmanna til tveggja ára og tveggja til eins árs.

Listi uppstillingarnefndar var sjálfkjörinn, þar sem fleiri framboð höfðu ekki borist. Haukur Halldórsson, EBAK Akureyri og Dagbjört Höskuldsdóttir FEB Stykkishólmi voru kosin til tveggja ára, en Valgerður Sigurðardóttir, FEB Hafnarfirði og Ellert B. Schram, FEB Reykjavík til eins árs.

c) Kosning þriggja varamanna til eins árs.

Uppstillinganefnd tilnefndi þau Ingólf Hrólfsson, FEB Mosfellsbæ, Drífu Sigfúsdóttur, FEB Reykjanesbæ og Viðar Einarsson, FEB Akranesi. Einnig höfðu Ólafur Örn Ingólfsson, FEB Reykjavík og Halldór Gunnarsson, FEB Rang. boðið sig fram.

Teljari var Pétur Maack ásamt umboðsmönnum formannsframbjóðenda.

Úrslitin voru tilkynnt daginn eftir, en þau urðu sem hér segir: Drífa fékk 89 atkvæði, Ingólfur 77, Ólafur Örn 52, Viðar 48 og Halldór 42. Drífa, Ingólfur og Ólafur Örn eru því réttkjörin sem varamenn.

d) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings LEB.

Skoðunarmennirnir voru sjálfkjörnir, Ástbjörn Egilsson Garðabæ og Árni Júlíusson Reykjanesbæ. Varamennirnir Dóra Georgsdóttir, Kópavogi og Sara Elíasdóttir Mosfellsbæ voru einnig sjálfkjörnar.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir tilkynnti lát baráttumannsins Björgvins Guðmundssonar og minntist hans með nokkrum orðum. Fundarmenn minntust hans með því að rísa úr sætum.

13. Önnur mál.

a) Fundarstjóri úrskurðaði að ekki þyrfti að kjósa í kjörnefnd þar sem ekkert stæði um slíkt í samþykktum LEB.

b) Sigurður Stefán Baldursson, sagði að póstlistar þyrftu að vera réttir.

Gjaldkeri svaraði að nauðsynlegt væri að skila ársskýrslum á réttum tíma til að upplýsingar um formenn væru nýjar.

c) Haukur Helgi Þorvaldsson, formaður Félags eldri Hornfirðinga ræddi um auglýsingar viðburða hjá félögum. Þau auglýsa í héraðsfréttablaði og selja félögum sínum viðburðadagatal. Spurði síðan hvort aldrei væri farið með landsfundi út á land.

d) Þór Ísfeld Vilhjálmsson, FEB í Vestmannaeyjum, sagðist hafa átt von á meiri baráttufundi. Hann skoraði á LEB að bjóða fram til alþingis og taka málin í sínar hendur.

e) Gísli Jafetsson sýndi afsláttarbók sem er tilbúin á prenti og einnig rafrænt á feb.is. Upplýsti síðan að allar ferðir á vegum þeirra væru opnar öllum félögum.

f) Þórunn formaður athenti þeim einstaklingum sem eru að hætta í stjórn blóm sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Það eru: Sigríður Guðmundsdóttir, Erna Indriðadóttir, Sigurður Jónsson, Elísabet Valgeirsdóttir og Guðrún María Harðardóttir.

14. Fundarslit.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir sleit fundi kl. 17.50.

Formenn félaganna fengu afhent eintak af IPAD kennsluleiðbeiningum um leið og þeir gengu úr salnum.

Félag eldri borgara í Reykjavík bauð létt í glas á Nauthóli áður en afmæliskvöldverður hófst þar.

Fimmtudaginn 11. apríl voru flutt fræðsluerindi í tilefni 30 ára afmælis LEB.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir setti dagskrána kl. 10.00.

Guðrún Ágústsdóttir kynnti síðan einstaka dagskrárliði.

1. Erindi um velferðartækni og nýjustu áskoranirnar: Arnar Guðmundur Ólafsson frá Reykjavíkurborg.
2. Erindi um einmanaleika – hvað er til ráða: Guðrún Ágústsdóttir.
3. Tölvur og Ipad virkni. Hvernig vinnum við með félögum okkar: Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Matarhlé, súpa og brauð.
4. Aðgengismálin og hvað verið er að skoða: Ósk Sigurðardóttir frá TravelAble.
5. Samstarf við Rauða krossinn, til hvers og hvað svo: Guðný H. Björnsdóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir fara yfir hugmyndir að samstarfi. Þær handsöluðu samstarfið í lokin.

Fulltrúi frá FEB Suðurnes þakkaði fyrir ánægjulegan fund, einkum stjórn, starfsmanni og öðrum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd fundarins.

Formaður LEB þakkaði fundarmönnum fyrir ánægjulegan fund, óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit síðan dagskránni kl. 13.45.

Fundargerð rituðu: Hallgrímur Gíslason og Sesselja Eiríksdóttir.